

Alþingi
Erindi nr. P 140/406
komudagur 24.11.2011



Reykjavík, 22. nóvember 2011

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009, 229. mál.

Bankasýslu ríkisins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Bankasýslu ríkisins, 229. mál og óskar eftir að koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum.

Með framangreindu frumvarpi eru lagðar til breytingar á lögum um Bankasýslu ríkisins sem auka þær hæfiskröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna og forstjóra Bankasýslu ríkisins og bæta við ákvæði um hagsmunaárekstra.


Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að stjórnarmenn skuli búa yfir viðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði. Þá skuli þeir hafa trausta þekkingu og reynslu af starfsemi fjármálafyrirtækja sem og þekkingu á góðum stjórnarháttum fyrirtækja. Bent skal á að æskilegra kann að vera að gera þær kröfur til stjórnar í heild að hún búi yfir þeirri þekkingu og reynslu sem hér er lýst í stað þess að gera þær kröfur til hvers og eins stjórnarmanns. Nefna má sem dæmi að aðili kann að búa yfir traustri og viðtækri þekkingu á starfsemi fjármálafyrirtækja og á góðum stjórnarháttum, en skorta hins vegar starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.

Í 4. og 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru sett fram ákvæði sem varða hagsmunaárekstra. Þannig segir í 4. mgr. að stjórnarmenn og forstjóri skuli ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingastærðfræðingar aðila sem eru eftirlitsskyldir. Í 5. mgr. segir að stjórnarmenn og forstjóri skuli ekki sinna öðrum störfum á fjármálamarkaði í þrjú ár eftir að þeir láta af störfum fyrir Bankasýsluna. Vakin skal athygli á því að kröfur sem þessar kunna þrátt fyrir góðan tilgang að takmarka möguleika ríkisins á að fá hæft fólk til að taka að sér umrædd störf. Þannig kunna það að vera ósamrýmanleg markmið að gera annars vegar miklar kröfur til þekkingar og reynslu forstjóra og stjórnarmanna af tilteknum málaflokki og takmarka hins vegar atvinnufrelsi sömu einstaklinga þannig að viðkomandi megi ekki sinna störfum þar sem sérþekking þeirra liggur.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögini taki þegar gildi. Vakin skal athygli á því að svo mikil skerðing á atvinnufrelsi sem hér er ráðgerð myndi þá eiga við um núverandi stjórn og forstjóra stofnunarinnar án fyrirvara. Réttara væri að gefa viðkomandi aðilum frest til að bregðast við

breytingum á lögum, t.d. með því að í gildistökuákvæði væri gert ráð fyrir gildistöku 6 – 8 vikum eftir samþykkt laganna.

Virðingarfyllst,


Karl Finnbogason, forstjóri